

## AUGLÝSING

### um bókun um breytingu á alþjóðasamningi um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar frá 1971.

Hinn 13. nóvember 1998 var framkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent aðildarskjal Íslands vegna bókunar um breytingu á alþjóðasamningi frá 18. desember 1971 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar sem gerð var í Lundúnum 27. nóvember 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1980, þar sem samningurinn er birtur, og 16/1995. Bókunin öðlast gildi að því er Ísland varðar 13. nóvember 1999.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytinu, 1. desember 1998.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Helgi Ágústsson.*

#### Fylgiskjal.

**BÓKUN FRÁ 1992  
um breytingu á alþjóðasamningi  
um stofnun alþjóðasjóðs  
til að bæta tjón af völdum  
olíumengunar frá 1971.**

**PROTOCOL OF 1992  
to Amend the International Convention  
on the Establishment of an International  
Fund for Compensation for Oil Pollution  
Damage, 1971**

**ADILAR AÐ BÓKUN ÞESSARI,**

**THE PARTIES TO THE PRESENT PROTO-  
COL,**

SEM Hafa hugfastan alþjóðasamninginn um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar frá 1971 og bókun við hann frá 1984,

HAVING CONSIDERED the International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, 1971, and the 1984 Protocol thereto,

SEM GERA SÉR LJÓST að bókunin frá 1984 við samninginn, sem kveður á um víkkun gildisviðs samningsins og auknar bætur, hefur ekki öðlast gildi,

HAVING NOTED that the 1984 Protocol to that Convention, which provides for improved scope and enhanced compensation, has not entered into force,

SEM STAÐFESTA að mikilvægt er að halda í gildi hinu alþjóðlega ábyrgðar- og skaðabóta-kerfi til að bæta olíumengunartjón,

AFFIRMING the importance of maintaining the viability of the international oil pollution liability and compensation system,

SEM GERA SÉR GREIN FYRIR að þörf er á að tryggja gildistöku ákvæða bókunarinnar frá 1984 jafnskjótt og auðið er,

AWARE OF the need to ensure the entry into force of the content of the 1984 Protocol as soon as possible,

SEM VIÐURKENNA kosti þess fyrir aðildarríkin að sjá til þess að samningurinn með áorðnum breytingum gildi jafnhliða og til viðbótar upphaflega samningnum á tilteknu aðlögunartímabili,

SEM ERU SANNFÆRÐIR UM að fjárhagslegum afleiðingum af tjóni af völdum olíumengunar þegar skip ferma og sigla með olíu án umbúða ætti áfram að jafna milli útgerðarfyrirtækja og þeirra sem hlut eiga í olúförmum,

SEM HAFA Í HUGA samþykki bókunar frá 1992 um breytingu á alþjóðasamningi um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar frá 1969,

HAFA KOMIÐ SÉR SAMAN UM eftirfarandi:

#### 1. gr.

Samningurinn sem breytt er með ákvæðum þessarar bókunar er alþjóðasamningurinn um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar frá 1971, hér á eftir nefndur „sjóðssamningurinn frá 1971“. Að því er varðar aðildarríki að bókuninni frá 1976 við sjóðssamninginn frá 1971 telst slík tilvísun taka til sjóðssamningsins frá 1971 eins og honum var breytt með þeirri bókun.

#### 2. gr.

Ákvæðum 1. gr. sjóðssamningsins frá 1971 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:
  1. „Ábyrgðarsamningurinn frá 1992“ merkir alþjóðasamninginn um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar frá 1992.
2. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem hér segir:
  1. bis. „Sjóðssamningurinn frá 1971“ merkir alþjóðasamninginn um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar frá 1971. Að því er varðar aðildarríki að bókuninni frá 1976 við þann samning telst slík tilvísun taka til sjóðssamningsins frá 1971 eins og honum var breytt með þeirri bókun.
3. Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:
  2. „Skip“, „aðili“, „eigandi“, „olíu“, „mengunartjón“, „forvarnarráðstafanir“, „atburður“ og „stofnun“ hafa sömu merkingu og í 1. gr. ábyrgðarsamningsins frá 1992.
4. Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:
  4. „Reiknieining“ hefur sömu merkingu og í 9. mgr. 5. gr. ábyrgðarsamningsins frá 1992.

RECOGNIZING the advantage for the States Parties of arranging for the amended Convention to coexist with and be supplementary to the original Convention for a transitional period,

CONVINCED that the economic consequences of pollution damage resulting from the carriage of oil in bulk at sea by ships should continue to be shared by the shipping industry and by the oil cargo interests,

BEARING IN MIND the adoption of the Protocol of 1992 to amend the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, 1969,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

#### Article 1

The Convention which the provisions of this Protocol amend is the International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, 1971, hereinafter referred to as the “1971 Fund Convention”. For States Parties to the Protocol of 1976 to the 1971 Fund Convention, such reference shall be deemed to include the 1971 Fund Convention as amended by that Protocol.

#### Article 2

Article 1 of the 1971 Fund Convention is amended as follows:

1. Paragraph 1 is replaced by the following text:
  1. “1992 Liability Convention” means the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, 1992.
2. After paragraph 1 a new paragraph is inserted as follows:
  1. bis. “1971 Fund Convention” means the International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, 1971. For States Parties to the Protocol of 1976 to that Convention, the term shall be deemed to include the 1971 Fund Convention as amended by that Protocol.
3. Paragraph 2 is replaced by the following text:
  2. “Ship”, “Person”, “Owner”, “Oil”, “Pollution Damage”, “Preventive Measures”, “Incident”, and “Organization” have the same meaning as in Article I of the 1992 Liability Convention.
4. Paragraph 4 is replaced by the following text:
  4. “Unit of account” has the same meaning as in Article V, paragraph 9, of the 1992 Liability Convention.

5. Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:  
5. „Rúmllestatal skips“ hefur sömu merkingu og í 10. mgr. 5. gr. ábyrgðarsamningsins frá 1992.
6. Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:  
7. „Ábyrgðarmaður“ merkir sérhvern aðila er sér fyrir váttryggingu eða annarri fjárhagslegri tryggingu til að mæta ábyrgð eiganda samkvæmt 1. mgr. 7. gr. ábyrgðarsamningsins frá 1992.

## 3. gr.

Ákvæðum 2. gr. sjóðssamningsins frá 1971 er breytt sem hér segir:

Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

1. Alþjóðasjóður til þess að bæta mengunartjón er nefnist „alþjóðasjóður til að bæta tjón af völdum olíumengunar frá 1992“, hér á eftir nefndur „sjóðurinn“, er hér með stofnaður með eftirfarandi markmið fyrir augum:

- a) að veita skaðabætur vegna mengunartjóns að því marki sem trygging sú er ábyrgðarsamningurinn frá 1992 veitir er ófullnægjandi;
- b) að hrinda í framkvæmd skyldum markmiðum sem mælt er fyrir um í þessum samningi.

## 4. gr.

Í stað 3. gr. sjóðssamningsins frá 1971 kemur eftirfarandi:

Þessi samningur skal eingöngu taka til:

- a) mengunartjóns
- i) á yfirráðasvæði samningsríkis, að meðtalinni landhelgi þess, og
- ii) í sérefnahagslögsögu samningsríkis sem komið er á í samræmi við þjóðarétt, eða, hafi samningsríkið ekki komið slíku svæði á, á svæði sem er utan við og liggur að landhelgi viðkomandi ríkis sem það ríki hefur ákvarðað í samræmi við þjóðarétt og sem nær ekki lengra en 200 sjómílur frá grunnlínunum þeim sem víðátta landhelginnar er mæld frá;
- b) forvarnarráðstafana, hvar sem þær eru gerðar, til að koma í veg fyrir slíkt tjón eða draga sem mest úr því.

## 5. gr.

Fyrirsögn 4.-9. gr. sjóðssamningsins frá 1971 er breytt þannig að orðin „og ábyrgðarbætur“ falla brott.

5. Paragraph 5 is replaced by the following text:  
5. “Ship’s tonnage” has the same meaning as in Article V, paragraph 10, of the 1992 Liability Convention.
6. Paragraph 7 is replaced by the following text:  
7. “Guarantor” means any person providing insurance or other financial security to cover an owner’s liability in pursuance of Article VII, paragraph 1, of the 1992 Liability Convention.

## Article 3

Article 2 of the 1971 Fund Convention is amended as follows:

Paragraph 1 is replaced by the following text:

1. An International Fund for compensation for pollution damage, to be named “The International Oil Pollution Compensation Fund 1992” and hereinafter referred to as “the Fund”, is hereby established with the following aims:

- (a) to provide compensation for pollution damage to the extent that the protection afforded by the 1992 Liability Convention is inadequate;
- (b) to give effect to the related purposes set out in this Convention.

## Article 4

Article 3 of the 1971 Fund Convention is replaced by the following text:

This Convention shall apply exclusively:

- (a) to pollution damage caused:
- (i) in the territory, including the territorial sea, of a Contracting State, and
- (ii) in the exclusive economic zone of a Contracting State, established in accordance with international law, or, if a Contracting State has not established such a zone, in an area beyond and adjacent to the territorial sea of that State determined by that State in accordance with international law and extending not more than 200 nautical miles from the baselines from which the breadth of its territorial sea is measured;
- (b) to preventive measures, wherever taken, to prevent or minimize such damage.

## Article 5

The heading to Articles 4 to 9 of the 1971 Fund Convention is amended by deleting the words “and indemnification”.

## 6. gr.

Ákvæðum 4. gr. sjóðssamningsins frá 1971 er breytt sem hér segir:

1. Í stað „ábyrgðarsamningsins“ í 1. mgr. kemur „ábyrgðarsamningsins frá 1992“ og í stað „ábyrgðarsamningnum“ kemur „ábyrgðarsamningnum frá 1992“, eftir því sem við á.
2. Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:
  3. Ef sjóðurinn færir sönnur á að mengunartjónið hafi að öllu eða nokkru leyti verið afleiðing annaðhvort af verknaði eða vanrækslu í þeim tilgangi að valda tjóni af hálfu þess aðila sem fyrir tjóninu varð, ellegar af skeytingarleysi þess aðila, má leysa sjóðinn að öllu eða nokkru leyti undan skyldu hans til að greiða slíkum aðila skaðabætur. Sjóðurinn skal í öllum tilvikum vera leystur undan ábyrgð að því marki sem skips-eigandi kann að hafa verið leystur undan ábyrgð samkvæmt 3. mgr. 3. gr. ábyrgðarsamningsins frá 1992. Samt sem áður skal í engu tilviki leysa sjóðinn undan ábyrgð hvað snertir forvarnarráðstafanir.
3. Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:
  4. a) Ef ekki er kveðið á um annað í b- og c-lið þessarar málsgreinar skal heildarfjárhæð þeirra skaðabóta sem sjóðnum ber að greiða samkvæmt þessari grein vegna hvers einstaks atburðar vera bundin takmörkunum, þannig að summa þeirrar fjárhæðar og þeirrar skaðabótafjárhæðar sem raunverulega er greidd samkvæmt ábyrgðarsamningnum frá 1992 vegna mengunartjóns er fellur undir þennan samning, eins og það er skilgreint í 3. gr., fari ekki fram úr 135 milljónum reiknieininga.
  - b) Ef ekki er kveðið á um annað í c-lið skal heildarfjárhæð þeirra skaðabóta, sem sjóðnum ber að greiða samkvæmt þessari grein vegna mengunartjóns er hlýst af náttúruhamförum sem heyra til undantekninga, eru óumflýjanlegar og ekki verður veitt viðnám gegn, ekki fara fram úr 135 milljónum reiknieininga.
  - c) Hámarksfjárhæð þeirra skaðabóta sem um getur í a- og b-lið skal vera 200 milljón reiknieiningar vegna sérhvers atburðar er verður á einhverju tímabili þegar um er að ræða þrjá aðila að þessum samningi þar sem samanlagt tilskilið magn gjaldskyldrar olfu sem var móttakið á yfirráðasvæði þessara aðila var, á undanfarandi almanaksári, jafnmikið eða meira en 600 milljón tonn.

## Article 6

Article 4 of the 1971 Fund Convention is amended as follows:

1. In paragraph 1 the five references to “the Liability Convention” are replaced by references to “the 1992 Liability Convention”.
2. Paragraph 3 is replaced by the following text:
  3. If the Fund proves that the pollution damage resulted wholly or partially either from an act or omission done with the intent to cause damage by the person who suffered the damage or from the negligence of that person, the Fund may be exonerated wholly or partially from its obligation to pay compensation to such person. The Fund shall in any event be exonerated to the extent that the shipowner may have been exonerated under Article III, paragraph 3, of the 1992 Liability Convention. However, there shall be no such exoneration of the Fund with regard to preventive measures.
3. Paragraph 4 is replaced by the following text:
  4. (a) Except as otherwise provided in subparagraphs (b) and (c) of this paragraph, the aggregate amount of compensation payable by the Fund under this Article shall in respect of any one incident be limited, so that the total sum of that amount and the amount of compensation actually paid under the 1992 Liability Convention for pollution damage within the scope of application of this Convention as defined in Article 3 shall not exceed 135 million units of account.
  - (b) Except as otherwise provided in subparagraph (c), the aggregate amount of compensation payable by the Fund under this Article for pollution damage resulting from a natural phenomenon of an exceptional inevitable and irresistible character shall not exceed 135 million units of account.
  - (c) The maximum amount of compensation referred to in subparagraphs (a) and (b) shall be 200 million units of account with respect to any incident occurring during any period when there are three Parties to this Convention in respect of which the combined relevant quantity of contributing oil received by persons in the territories of such Parties, during the preceding calendar year, equalled or exceeded 600 million tons.

d) Ekki skal tekið tillit til vaxta, ef einhverjir eru, af sjóðnum sem stofnaður var í samræmi við 3. mgr. 5. gr. ábyrgðarsamningsins frá 1992 við útreikning þeirra hámarks-skaðabóta sem sjóðnum ber að greiða samkvæmt þessari grein.

e) Fjárhæðirnar sem um getur í þessari grein skal umreikna í innlendan gjaldmiðil á verðmætagrunni viðkomandi gjaldmiðils með tilvísun til hinnar sérstöku dráttarheimildar á þeim degi þegar þing sjóðsins ákvarðar fyrsta dag bótagreiðslu.

4. Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

5. Nú fer fjárhæð lögmætra krafna á hendur sjóðnum fram úr þeirri heildarfjárhæð skaðabóta sem greiða ber samkvæmt 4. mgr. og skal þá skipta þeirri fjárhæð sem til útborgunar er þannig að hlutfallið milli hverrar lögmætrar kröfu og skaðabótarfjárhæðarinnar sem kröfuhafi raunverulega fær samkvæmt þessum samningi sé hið sama að því er varðar alla kröfuhafa.

5. Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

6. Þingi sjóðsins er heimilt að ákveða að í sérstökum tilvikum sé unnt að greiða bætur samkvæmt þessum samningi jafnvel þótt eigandi skipsins hafi ekki lagt fram tryggingarfé í samræmi við 3. mgr. 5. gr. ábyrgðarsamningsins frá 1992. Í slíkum tilvikum gildir e-liður 4. mgr. þessarar greinar.

7. gr.

Ákvæði 5. gr. sjóðssamningsins frá 1971 falla brott.

8. gr.

Ákvæðum 6. gr. sjóðssamningsins frá 1971 er breytt sem hér segir:

1. Í 1. mgr. falla brott númer málsgreinar ásamt orðunum „eða ábyrgðarbóta samkvæmt 5. gr.“
2. Ákvæði 2. mgr. falla brott.

9. gr.

Ákvæðum 7. gr. sjóðssamningsins frá 1971 er breytt sem hér segir:

1. Í stað „ábyrgðarsamningsins“ í 1., 3., 4. og 6. mgr. kemur „ábyrgðarsamningsins frá 1992“ og í stað „ábyrgðarsamningnum“ kemur „ábyrgðarsamningnum frá 1992“.
2. Í 1. mgr. falla brott orðin „eða ábyrgðarbóta samkvæmt 5. gr.“.

(d) Interest accrued on a fund constituted in accordance with Article V, paragraph 3, of the 1992 Liability Convention, if any, shall not be taken into account for the computation of the maximum compensation payable by the Fund under this Article.

(e) The amounts mentioned in this Article shall be converted into national currency on the basis of the value of that currency by reference to the Special Drawing Right on the date of the decision of the Assembly of the Fund as to the first date of payment of compensation.

4. Paragraph 5 is replaced by the following text:

5. Where the amount of established claims against the Fund exceeds the aggregate amount of compensation payable under paragraph 4, the amount available shall be distributed in such a manner that the proportion between any established claim and the amount of compensation actually recovered by the claimant under this Convention shall be the same for all claimants.

5. Paragraph 6 is replaced by the following text:

6. The Assembly of the Fund may decide that, in exceptional cases, compensation in accordance with this Convention can be paid even if the owner of the ship has not constituted a fund in accordance with Article V, paragraph 3, of the 1992 Liability Convention. In such case paragraph 4 (e) of this Article applies accordingly.

Article 7

Article 5 of the 1971 Fund Convention is deleted.

Article 8

Article 6 of the 1971 Fund Convention is amended as follows:

1. In paragraph 1 the paragraph number and the words “or indemnification under Article 5” are deleted.
2. Paragraph 2 is deleted.

Article 9

Article 7 of the 1971 Fund Convention is amended as follows:

1. In paragraphs 1, 3, 4 and 6 the seven references to “the Liability Convention” are replaced by references to “the 1992 Liability Convention”.
2. In paragraph 1 the words “or indemnification under Article 5” are deleted.

3. Í 1. msl. 3. mgr. falla brott orðin „eða ábyrgðarbóta“ og orðin „eða 5. gr.“.
4. Í 2. msl. 3. mgr. falla brott orðin „eða 5. gr., 1. mgr.“.

## 10. gr.

Í 8. gr. sjóðssamningsins frá 1971 kemur tilvísun til „ábyrgðarsamningsins frá 1992“ í stað tilvísunar til „ábyrgðarsamningsins“.

## 11. gr.

Ákvæðum 9. gr. sjóðssamningsins frá 1971 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:
  1. Sjóðurinn skal, að því er varðar sérhverja fjárhæð skaðabóta vegna mengunartjóns sem sjóðurinn hefur greitt samkvæmt 1. mgr. 4. gr. þessa samnings, ganga inn í þau réttindi sem sá aðili sem þannig hefur hlotið skaðabætur kann að hafa samkvæmt ábyrgðarsamningnum frá 1992 gagnvart eiganda eða ábyrgðarmanni hans.
2. Í 2. mgr. falla brott orðin „eða ábyrgðarbóta“.

## 12. gr.

Ákvæðum 10. gr. sjóðssamningsins frá 1971 er breytt sem hér segir:

Í stað upphafssetningar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

Árleg framlög til sjóðsins skal inna af hendi, að því er varðar sérhvert samningsríki, af hverjum þeim aðila sem á almanaksárinu, sem um ræðir í a- eða b-lið 2. mgr. 12. gr., hefur samtals tekið á móti magni sem nemur meiru en 150.000 tonnum:

## 13. gr.

Ákvæði 11. gr. sjóðssamningsins frá 1971 falla brott.

## 14. gr.

Ákvæðum 12. gr. sjóðssamningsins frá 1971 er breytt sem hér segir:

1. Í upphafssetningu 1. mgr. falla brott orðin „fyrir hvern aðila sem um ræðir í 10. gr.“.
2. Í b- og c-lið í i-lið 1. mgr. falla brott orðin „eða 5. gr.“ og í stað orðanna „15 milljónum franka“ koma orðin „fjórum milljónum reiknieininga“.

3. In the first sentence of paragraph 3 the words “or indemnification” and “or 5” are deleted.
4. In the second sentence of paragraph 3 the words “or under Article 5, paragraph 1,” are deleted.

## Article 10

In Article 8 of the 1971 Fund Convention the reference to “the Liability Convention” is replaced by a reference to “the 1992 Liability Convention”.

## Article 11

Article 9 of the 1971 Fund Convention is amended as follows:

1. Paragraph 1 is replaced by the following text:
  1. The Fund shall, in respect of any amount of compensation for pollution damage paid by the Fund in accordance with Article 4, paragraph 1, of this Convention, acquire by subrogation the rights that the person so compensated may enjoy under the 1992 Liability Convention against the owner or his guarantor.
2. In paragraph 2 the words “or indemnification” are deleted.

## Article 12

Article 10 of the 1971 Fund Convention is amended as follows:

The opening phrase of paragraph 1 is replaced by the following text:

Annual contributions to the Fund shall be made in respect of each Contracting State by any person who, in the calendar year referred to in Article 12, paragraph 2 (a) or (b), has received in total quantities exceeding 150,000 tons:

## Article 13

Article 11 of the 1971 Fund Convention is deleted.

## Article 14

Article 12 of the 1971 Fund Convention is amended as follows:

1. In the opening phrase of paragraph 1 the words “for each person referred to in Article 10” are deleted.
2. In paragraph 1 (i), subparagraphs (b) and (c), the words “or 5” are deleted and the words “15 million francs” are replaced by the words “four million units of account”.

3. Ákvæði b-liðar í ii-lið 1. mgr. falla brott.
4. Í ii-lið 1. mgr. verður c-liður að b-lið og d-liður að c-lið.
5. Í stað upphafssetningar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

Þingið skal ákvarða heildarfjárhæð framlaga. Á grundvelli þeirrar ákvörðunar skal forstjórinn, að því er hvert samningsríki varðar, reikna út ársframlag hvers aðila sem um ræðir í 10. gr.:

6. Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:
  4. Árleg framlög til sjóðsins skulu vera gjaldkræf á þeim degi sem mælt er fyrir um í reglugerð sjóðsins. Þinginu er heimilt að mæla fyrir um annan gjalddaga.
7. Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:
  5. Þinginu er heimilt, samkvæmt skilmálum sem ber að ákveða í fjárlögum sjóðsins, að ákveða millifærslur milli framlaga sem tekið hefur verið við í samræmi við a-lið 2. mgr. 12. gr. og framlaga sem tekið hefur verið við í samræmi við b-lið 2. mgr. 12. gr.
8. Ákvæði 6. mgr. falla brott.

#### 15. gr.

Ákvæðum 13. gr. sjóðssamningsins frá 1971 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:
  1. Af hverri framlagsfjárhæð sem gjaldfallin er samkvæmt 12. gr. og dráttur er orðinn á skal greiða vexti og ber að ákveða prósentutöluna í samræmi við reglugerð sjóðsins, að því tilskildu að heimilt er að ákveða mismunandi prósentutölur við mismunandi aðstæður.
2. Í 3. mgr. koma orðin „10. og 12. gr.“ í stað orðanna „10. og 11. gr.“ og orðin „lengri tíma en þrjá mánuði“ falla brott.

#### 16. gr.

Ný 4. málsgrein bætist við 15. gr. sjóðssamningsins frá 1971:

4. Nú uppfyllir samningsríki ekki skuldbindingar sínar um að láta forstjóranum í té þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr. og það hefur í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir sjóðinn og er samningsríkinu þá skylt að bæta sjóðnum slíkt tap. Að tilmælum forstjórans skal þingið ákveða hvort samningsríki skuli greiða slíkar bætur.

3. Subparagraph 1 (ii) (b) is deleted.
4. In paragraph 1 (ii), subparagraph (c) becomes (b) and subparagraph (d) becomes (c).
5. The opening phrase in paragraph 2 is replaced by the following text:

The Assembly shall decide the total amount of contributions to be levied. On the basis of that decision, the Director shall, in respect of each Contracting State, calculate for each person referred to in Article 10 the amount of his annual contribution:

6. Paragraph 4 is replaced by the following text:
  4. The annual contribution shall be due on the date to be laid down in the Internal Regulations of the Fund. The Assembly may decide on a different date of payment.
7. Paragraph 5 is replaced by the following text:
  5. The Assembly may decide, under conditions to be laid down in the Financial Regulations of the Fund, to make transfers between funds received in accordance with Article 12.2 (a) and funds received in accordance with Article 12.2 (b).
8. Paragraph 6 is deleted.

#### Article 15

Article 13 of the 1971 Fund Convention is amended as follows:

1. Paragraph 1 is replaced by the following text:
  1. The amount of any contribution due under Article 12 and which is in arrears shall bear interest at a rate which shall be determined in accordance with the Internal Regulations of the Fund, provided that different rates may be fixed for different circumstances.
2. In paragraph 3 the words “Articles 10 and 11” are replaced by the words “Articles 10 and 12” and the words “for a period exceeding three months” are deleted.

#### Article 16

A new paragraph 4 is added to Article 15 of the 1971 Fund Convention:

4. Where a Contracting State does not fulfil its obligations to submit to the Director the communication referred to in paragraph 2 and this results in a financial loss for the Fund, that Contracting State shall be liable to compensate the Fund for such loss. The Assembly shall, on the recommendation of the Director, decide whether such compensation shall be payable by that Contracting State.

## 17. gr.

Í stað 16. gr. sjóðssamningsins frá 1971 kemur eftirfarandi:

Sjóðurinn skal hafa þing og skrifstofu undir stjórn forstjóra.

## 18. gr.

Ákvæðum 18. gr. sjóðssamningsins frá 1971 er breytt sem hér segir:

1. Í upphafsmálslið greinarinnar koma orðin „Verkefni þingsins skulu vera:“ í stað orðanna „Að áskildum ákvæðum 26. gr., skulu verkefni þingsins vera:“.

2. Ákvæði 8. mgr. falla brott.

3. Í stað 9. mgr. kemur eftirfarandi:

9. að koma á fót sérhverri undirstofnun sem það kann að telja nauðsynlegt og ætlað er að starfa um tíma, eða vera til frambúðar, að skilgreina umboð undirstofnana og veita þeim þær valdheimildir sem nauðsynlegar eru vegna þeirra verkefna sem þeim eru falin. Við val á meðlimum slíkra undirstofnana skal þingið leitast við að tryggja sanngjarna landfræðilega dreifingu meðlima og viðhlítandi fjölda fulltrúa þeirra samningsríkja þar sem tekið er á móti mesta magninu af gjaldskyldri olíu. Heimilt er að láta starfsreglur þingsins, að breyttu breytanda, gilda um starfsemi slíkra undirstofnana;

4. Í 10. mgr. fellur brott orðið „framkvæmdanefndar,“.

5. Í 11. mgr. fellur brott orðið „framkvæmdanefnd,“.

6. Ákvæði 12. mgr. falla brott.

## 19. gr.

Ákvæðum 19. gr. sjóðssamningsins frá 1971 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

1. Reglulegir fundir þingsins skulu haldnir einu sinni á hverju almanaksári samkvæmt boðun forstjórans.

2. Í 2. mgr. falla brott orðin „framkvæmdanefndar, eða“.

## 20. gr.

Ákvæði 21. til 27. gr. sjóðssamningsins frá 1971 og fyrirsögn þeirra falla brott.

## 21. gr.

Ákvæðum 29. gr. sjóðssamningsins frá 1971 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

## Article 17

Article 16 of the 1971 Fund Convention is replaced by the following text:

The Fund shall have an Assembly and a Secretariat headed by a Director.

## Article 18

Article 18 of the 1971 Fund Convention is amended as follows:

1. In the opening sentence of the article the words “, subject to the provisions of Article 26,” are deleted.

2. Paragraph 8 is deleted.

3. Paragraph 9 is replaced by the following text:

9. to establish any temporary or permanent subsidiary body it may consider to be necessary, to define its terms of reference and to give it the authority needed to perform the functions entrusted to it; when appointing the members of such body, the Assembly shall endeavour to secure an equitable geographical distribution of members and to ensure that the Contracting States, in respect of which the largest quantities of contributing oil are being received, are appropriately represented; the Rules of Procedure of the Assembly may be applied, *mutatis mutandis*, for the work of such subsidiary body;

4. In paragraph 10 the words “, the Executive Committee” are deleted.

5. In paragraph 11 the words “, the Executive Committee” are deleted.

6. Paragraph 12 is deleted.

## Article 19

Article 19 of the 1971 Fund Convention is amended as follows:

1. Paragraph 1 is replaced by the following text:

1. Regular sessions of the Assembly shall take place once every calendar year upon convocation by the Director.

2. In paragraph 2 the words “of the Executive Committee or” are deleted.

## Article 20

Articles 21 to 27 of the 1971 Fund Convention and the heading to these articles are deleted.

## Article 21

Article 29 of the 1971 Fund Convention is amended as follows:

1. Paragraph 1 is replaced by the following text:



1. Forstjórinn er aðalforráðamaður sjóðsins. Með fyrirvara um fyrirmæli frá þinginu ber honum að vinna þau störf sem honum eru falin í þessum samningi, í reglugerð sjóðsins og af þinginu.
2. Í e-lið 2. mgr. falla brott orðin „eða framkvæmdanefndar“.
3. Í f-lið 2. mgr. falla brott orðin „eða fyrir framkvæmdanefndina, eftir því sem við á.“.
4. Í stað g-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:
- g) að semja, í samráði við formann þingsins, og gefa út skýrslu um starfsemi sjóðsins á undanfarandi almanaksári;
5. Í h-lið 2. mgr. fellur brott orðið „framkvæmdanefndar“.

## 22. gr.

Í 1. mgr. 31. gr. sjóðssamningsins frá 1971 falla brott orðin „framkvæmdanefnd og“.

## 23. gr.

Ákvæðum 32. gr. sjóðssamningsins frá 1971 er breytt sem hér segir:

1. Í upphafssetningunni falla brott orðin „og í framkvæmdanefnd“.
2. Í b-lið falla brott orðin „og í framkvæmdanefnd“.

## 24. gr.

Ákvæðum 33. gr. sjóðssamningsins frá 1971 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæði 1. mgr. falla brott.
2. Í 2. mgr. fellur brott númer málsgreinarinnar.
3. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

c) að koma á fót undirstofnunum samkvæmt 9. mgr. 18. gr. og málefni er varða slíka stofnsetningu.

## 25. gr.

Í stað 35. gr. sjóðssamningsins frá 1971 kemur eftirfarandi:

Skaðabótakröfur samkvæmt 4. gr. vegna atburða sem eiga sér stað eftir gildistöku þessa samnings má ekki gera á hendur sjóðnum fyrr en að liðnum eitt hundrað og tuttugu dögum frá gildistökudeginum.

1. The Director shall be the chief administrative officer of the Fund. Subject to the instructions given to him by the Assembly, he shall perform those functions which are assigned to him by this Convention, the Internal Regulations of the Fund and the Assembly.

2. In paragraph 2 (e) the words “or the Executive Committee” are deleted.

3. In paragraph 2 (f) the words “or to the Executive Committee, as the case may be,” are deleted.

4. Paragraph 2 (g) is replaced by the following text:

(g) prepare, in consultation with the Chairman of the Assembly, and publish a report of the activities of the Fund during the previous calendar year;

5. In paragraph 2 (h) the words “, the Executive Committee” are deleted.

## Article 22

In Article 31, paragraph 1, of the 1971 Fund Convention, the words “on the Executive Committee and” are deleted.

## Article 23

Article 32 of the 1971 Fund Convention is amended as follows:

1. In the opening phrase the words “and the Executive Committee” are deleted.
2. In subparagraph (b) the words “and the Executive Committee” are deleted.

## Article 24

Article 33 of the 1971 Fund Convention is amended as follows:

1. Paragraph 1 is deleted.
2. In paragraph 2 the paragraph number is deleted.
3. Subparagraph (c) is replaced by the following text:

(c) the establishment of subsidiary bodies, under Article 18, paragraph 9, and matters relating to such establishment.

## Article 25

Article 35 of the 1971 Fund Convention is replaced by the following text:

Claims for compensation under Article 4 arising from incidents occurring after the date of entry into force of this Convention may not be brought against the Fund earlier than the one hundred and twentieth day after that date.

## 26. gr.

Á eftir 36. gr. sjóðssamningsins frá 1971 bætast við fjórar nýjar greinar sem hér segir:

## 36. gr. bis

Eftirfarandi bráðabirgðaákvæði skulu gilda á tímabilinu, hér á eftir nefnt „aðlögun-artímabilið“, sem hefst á gildistökudegi þessa samnings og lýkur á þeim degi sem uppsagninnar sem kveðið er á um í 31. gr. bókunarinnar frá 1992 um breytingu á sjóðssamningnum frá 1971 öðlast gildi:

a) Þegar ákvæðum a-liðar 1. mgr. 2. gr. þessa samnings er beitt skal tilvísun til ábyrgðarsamningsins frá 1992 fela í sér tilvísun til alþjóðasamningsins um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar frá 1969, annaðhvort í sinni upprunalegu útgáfu eða eins og honum var breytt með bókuninni frá 1976 (í þessari grein nefndur „ábyrgðarsamningurinn frá 1969“), og einnig sjóðssamningsins frá 1971.

b) Hafi atburður leitt til mengunartjóns sem fellur undir þennan samning skal sjóðurinn eingöngu greiða bætur til aðila sem hefur orðið fyrir mengunartjóni ef, og að því marki sem, slíkur aðili hefur ekki hlotið fullar og viðhlítandi bætur vegna tjónsins samkvæmt skilmálum ábyrgðarsamningsins frá 1969, sjóðssamningsins frá 1971 og ábyrgðarsamningsins frá 1992, að því tilskildu að þegar um er að ræða mengunartjón sem fellur undir þennan samning að því er varðar aðila að þessum samningi sem ekki er aðili að sjóðssamningnum frá 1971 skuli sjóðurinn eingöngu greiða bætur til aðila sem hefur orðið fyrir mengunartjóni ef, og að því marki sem, slíkur aðili hefði ekki hlotið fullar og viðhlítandi bætur ef viðkomandi ríki hefði verið aðili að öllum fyrrnefndu samningnum.

c) Þegar 4. gr. þessa samnings er beitt skal fjárhæðin sem taka ber tillit til við ákvörðun heildarfjárhæðar þeirra bóta sem sjóðnum ber að greiða einnig taka til þeirrar bótafjárhæðar, ef einhver er, sem í raun er greidd samkvæmt ábyrgðarsamningnum frá 1969 og þeirrar bótafjárhæðar sem í raun er greidd eða telst hafa verið greidd samkvæmt sjóðssamningnum frá 1971.

d) Ákvæði 1. mgr. 9. gr. þessa samnings skulu einnig gilda um réttindi sem kveðið er á um í ábyrgðarsamningnum frá 1969.

## Article 26

After Article 36 of the 1971 Fund Convention four new articles are inserted as follows:

## Article 36 bis

The following transitional provisions shall apply in the period, hereinafter referred to as “the transitional period”, commencing with the date of entry into force of this Convention and ending with the date on which the denunciations provided for in Article 31 of the 1992 Protocol to amend the 1971 Fund Convention take effect:

(a) In the application of paragraph 1 (a) of Article 2 of this Convention, the reference to the 1992 Liability Convention shall include reference to the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, 1969, either in its original version or as amended by the Protocol thereto of 1976 (referred to in this Article as “the 1969 Liability Convention”), and also the 1971 Fund Convention.

(b) Where an incident has caused pollution damage within the scope of this Convention, the Fund shall pay compensation to any person suffering pollution damage only if, and to the extent that, such person has been unable to obtain full and adequate compensation for the damage under the terms of the 1969 Liability Convention, the 1971 Fund Convention and the 1992 Liability Convention, provided that, in respect of pollution damage within the scope of this Convention in respect of a Party to this Convention but not a Party to the 1971 Fund Convention, the Fund shall pay compensation to any person suffering pollution damage only if, and to the extent that, such person would have been unable to obtain full and adequate compensation had that State been party to each of the above-mentioned Conventions.

(c) In the application of Article 4 of this Convention, the amount to be taken into account in determining the aggregate amount of compensation payable by the Fund shall also include the amount of compensation actually paid under the 1969 Liability Convention, if any, and the amount of compensation actually paid or deemed to have been paid under the 1971 Fund Convention.

(d) Paragraph 1 of Article 9 of this Convention shall also apply to the rights enjoyed under the 1969 Liability Convention.

## 36. gr. ter

1. Með fyrirvara um 4. mgr. þessarar greinar skal heildarfjárhæð ársframlaga sem ber að greiða fyrir gjaldskylda olíu sem tekið er við í einu samningsríki á almanaksári ekki fara yfir 27,5% af heildarfjárhæð ársframlaga samkvæmt bókuninni frá 1992 um breytingu á sjóðssamningnum frá 1971 á því almanaksári.

2. Ef beiting ákvæða 2. og 3. mgr. 12. gr. verður til þess að heildarfjárhæð framlaga sem gjaldendum ber að greiða í einu samningsríki á tilteknu almanaksári fer yfir 27,5% af samanlögðum ársframlögum skulu framlögin sem öllum gjaldendum ber að greiða í því ríki lækkuð *pro rata* til að tryggja að heildarframlög þeirra samsvari 27,5% af samanlögðum ársframlögum til sjóðsins fyrir það ár.

3. Ef framlögin sem gjaldendum ber að greiða í tilteknu samningsríki skulu lækkuð samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar skulu framlögin sem gjaldendum ber að greiða í öllum öðrum samningsríkjum hækkuð *pro rata* til að tryggja að samanlögð fjárhæð framlaga, sem öllum sem eru gjaldskyldir við sjóðinn ber að greiða á viðkomandi almanaksári, nái samanlagðri fjárhæð framlaga sem þingið ákveður.

4. Ákvæði 1.-3. mgr. þessarar greinar skulu gilda þar til heildarmagn gjaldskyldrar olíu sem tekið er við í öllum samningsríkjum á einu almanaksári hefur náð 750 milljón tonnum, eða þar til 5 ár eru liðin frá gildistökudegi áðurnefndrar bókunar frá 1992, hvort heldur sem verður fyrr.

## 36. gr. quater

Þrátt fyrir ákvæði þessa samnings skulu eftirfarandi ákvæði gilda um stjórnslu sjóðsins á því tímabili þegar bæði sjóðssamningurinn frá 1971 og þessi samningur eru í gildi:

- a) Skrifstofa sjóðsins, sem stofnað var til með sjóðssamningnum frá 1971 (hér á eftir nefndur „sjóðurinn frá 1971“) og forstjórinn veitir forstöðu, getur einnig starfað sem skrifstofa og forstjóri sjóðsins.
- b) Ef skrifstofa og forstjóri sjóðsins frá

## Article 36 ter

1. Subject to paragraph 4 of this Article, the aggregate amount of the annual contributions payable in respect of contributing oil received in a single Contracting State during a calendar year shall not exceed 27.5% of the total amount of annual contributions pursuant to the 1992 Protocol to amend the 1971 Fund Convention, in respect of that calendar year.

2. If the application of the provisions in paragraphs 2 and 3 of Article 12 would result in the aggregate amount of the contributions payable by contributors in a single Contracting State in respect of a given calendar year exceeding 27.5% of the total annual contributions, the contributions payable by all contributors in that State shall be reduced *pro rata* so that their aggregate contributions equal 27.5% of the total annual contributions to the Fund in respect of that year.

3. If the contributions payable by persons in a given Contracting State shall be reduced pursuant to paragraph 2 of this Article, the contributions payable by persons in all other Contracting States shall be increased *pro rata* so as to ensure that the total amount of contributions payable by all persons liable to contribute to the Fund in respect of the calendar year in question will reach the total amount of contributions decided by the Assembly.

4. The provisions in paragraphs 1 to 3 of this Article shall operate until the total quantity of contributing oil received in all Contracting States in a calendar year has reached 750 million tons or until a period of 5 years after the date of entry into force of the said 1992 Protocol has elapsed, whichever occurs earlier.

## Article 36 quater

Notwithstanding the provisions of this Convention, the following provisions shall apply to the administration of the Fund during the period in which both the 1971 Fund Convention and this Convention are in force:

- (a) The Secretariat of the Fund, established by the 1971 Fund Convention (hereinafter referred to as “the 1971 Fund”), headed by the Director, may also function as the Secretariat and the Director of the Fund.
- (b) If, in accordance with subparagraph (a),

1971, í samræmi við a-lið, starfa einnig sem skrifstofa og forstjóri sjóðsins og hagsmunarárekstrar verða milli sjóðsins frá 1971 og sjóðsins skal forseti sjóðþingsins í þeim tilvikum koma fram í umboði sjóðsins.

c) Forstjórinn ásamt starfslíði og sérfræðingum sem hann ræður til starfa, sem vinna störf sín samkvæmt þessum samningi og sjóðssamningnum frá 1971, skulu ekki teljast brjóta gegn ákvæðum 30. gr. þessa samnings þegar þau vinna störf sín í samræmi við þessa grein.

d) Þing sjóðsins skal leitast við að taka ekki ákvarðanir er stríða gegn ákvörðunum sem þing sjóðsins frá 1971 tekur. Verði skoðanaágreiningur um það sem lýtur að sameiginlegri stjórnslu skal þing sjóðsins reyna að ná samkomulagi við þing sjóðsins frá 1971 í anda gagnkvæmrar samvinnu og með sameiginleg markmið beggja í huga.

e) Sjóðurinn getur yfirtekið réttindi, skyldur og eignir sjóðsins frá 1971 ef þing sjóðsins frá 1971 tekur um það ákvörðun í samræmi við 2. mgr. 44. gr. sjóðssamningsins frá 1971.

f) Sjóðurinn skal endurgreiða sjóðnum frá 1971 allan kostnað og útgjöld vegna stjórnslustarfa sem sjóðurinn frá 1971 annast vegna sjóðsins.

#### 36. gr. quinquies

##### *Lokaákvæði.*

Lokaákvæði þessa samnings skulu vera 28.-39. gr. bókunarinnar frá 1992 um breytingu á sjóðssamningnum frá 1971. Tilvísanir í þessum samningi til samningsríkja ber að líta á sem tilvísanir til samningsríkja þeirrar bókunar.

#### 27. gr.

1. Sjóðssamninginn frá 1971 og þessa bókun skal, að því er aðila að bókuninni varðar, lesa saman og túlka sem einn gerning.

2. Ákvæði 1.-36. gr. quinquies sjóðssamningsins frá 1971, eins og honum er breytt með þessari bókun, skal nefnast alþjóðasamningurinn frá 1992 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar (sjóðssamningurinn frá 1992).

the Secretariat and the Director of the 1971 Fund also perform the function of Secretariat and Director of the Fund, the Fund shall be represented, in cases of conflict of interests between the 1971 Fund and the Fund, by the Chairman of the Assembly of the Fund.

(c) The Director and the staff and experts appointed by him, performing their duties under this Convention and the 1971 Fund Convention, shall not be regarded as contravening the provisions of Article 30 of this Convention in so far as they discharge their duties in accordance with this Article.

(d) The Assembly of the Fund shall endeavour not to take decisions which are incompatible with decisions taken by the Assembly of the 1971 Fund. If differences of opinion with respect to common administrative issues arise, the Assembly of the Fund shall try to reach a consensus with the Assembly of the 1971 Fund, in a spirit of mutual co-operation and with the common aims of both organizations in mind.

(e) The Fund may succeed to the rights, obligations and assets of the 1971 Fund if the Assembly of the 1971 Fund so decides, in accordance with Article 44, paragraph 2, of the 1971 Fund Convention.

(f) The Fund shall reimburse to the 1971 Fund all costs and expenses arising from administrative services performed by the 1971 Fund on behalf of the Fund.

#### Article 36 quinquies

##### *Final clauses*

The final clauses of this Convention shall be Articles 28 to 39 of the Protocol of 1992 to amend the 1971 Fund Convention. References in this Convention to Contracting States shall be taken to mean references to the Contracting States of that Protocol.

#### Article 27

1. The 1971 Fund Convention and this Protocol shall, as between the Parties to this Protocol, be read and interpreted together as one single instrument.

2. Articles 1 to 36 quinquies of the 1971 Fund Convention as amended by this Protocol shall be known as the International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, 1992 (1992 Fund Convention).

## LOKAÁKVÆÐI

28. gr.

*Undirritun, fullgilding, staðfesting,  
samþykki og aðild.*

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar í Lundúnum frá 15. janúar 1993 til 14. janúar 1994 af hálfu allra ríkja sem hafa undirritað ábyrgðarsamninginn frá 1992.

2. Með fyrirvara um 4. mgr. skal þessi bókun fullgilt, staðfest eða samþykkt af þeim ríkjum sem hafa undirritað hana.

3. Með fyrirvara um 4. mgr. skal ríkjum sem ekki hafa undirritað þessa bókun heimilt að gerast aðilar að henni.

4. Einungis ríkjum, sem hafa fullgilt, staðfest eða samþykkt ábyrgðarsamninginn frá 1992 eða gerst aðilar að honum, er heimilt að fullgilda, staðfesta, samþykkja eða gerast aðilar að þessari bókun.

5. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild skal fara fram með afhendingu formlegs skjals þar að lútandi til vörslu framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

6. Ríki sem er aðili að þessari bókun en ekki aðili að sjóðssamningnum frá 1971 er bundið af ákvæðum sjóðssamningsins frá 1971, eins og honum er breytt með þessari bókun, með tilliti til annarra aðila að bókuninni, en er ekki bundið af ákvæðum sjóðssamningsins frá 1971 með tilliti til aðila að honum.

7. Skjal um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild, sem er afhent til vörslu eftir gildistöku breytingar á sjóðssamningnum frá 1971, eins og honum er breytt með þessari bókun, skal teljast taka til samningsins með breytingunum, eins og hann er með áorðinni breytingu.

29. gr.

*Upplýsingar um gjaldskylda olíu.*

1. Áður en bókun þessi öðlast gildi að því er varðar ríki skal það ríki upplýsa framkvæmdastjóra stofnunarinnar, þegar það afhendir skjal sem um ræðir í 5. mgr. 28. gr., og árlega upp frá því á þeim degi sem framkvæmdastjóri stofnunarinnar tiltekur, um nafn og heimilisfang allra aðila sem, að því er varðar það ríki, verður skylt að greiða framlag til sjóðsins samkvæmt 10. gr. sjóðssamningsins frá 1971, eins og honum er breytt með þessari bókun, og enn fremur um tilskilið magn gjaldskyldrar olíu sem slíkir aðilar taka við á yfirráðasvæði þess ríkis á undanfarandi almanaksári.

2. Á aðlögunartímabilinu skal forstjórinn, fyrir hönd aðilanna, veita framkvæmdastjóra stofnun-

## FINAL CLAUSES

Article 28

*Signature, ratification, acceptance,  
approval and accession*

1. This Protocol shall be open for signature at London from 15 January 1993 to 14 January 1994 by any State which has signed the 1992 Liability Convention.

2. Subject to paragraph 4, this Protocol shall be ratified, accepted or approved by States which have signed it.

3. Subject to paragraph 4, this Protocol is open for accession by States which did not sign it.

4. This Protocol may be ratified, accepted, approved or acceded to only by States which have ratified, accepted, approved or acceded to the 1992 Liability Convention.

5. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of a formal instrument to that effect with the Secretary-General of the Organization.

6. A State which is a Party to this Protocol but is not a Party to the 1971 Fund Convention shall be bound by the provisions of the 1971 Fund Convention as amended by this Protocol in relation to other Parties hereto, but shall not be bound by the provisions of the 1971 Fund Convention in relation to Parties thereto.

7. Any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited after the entry into force of an amendment to the 1971 Fund Convention as amended by this Protocol shall be deemed to apply to the Convention so amended, as modified by such amendment.

Article 29

*Information on contributing oil*

1. Before this Protocol comes into force for a State, that State shall, when depositing an instrument referred to in Article 28, paragraph 5, and annually thereafter at a date to be determined by the Secretary-General of the Organization, communicate to him the name and address of any person who in respect of that State would be liable to contribute to the Fund pursuant to Article 10 of the 1971 Fund Convention as amended by this Protocol as well as data on the relevant quantities of contributing oil received by any such person in the territory of that State during the preceding calendar year.

2. During the transitional period, the Director shall, for Parties, communicate annually to the

arinnar árlega upplýsingar um magn gjaldskyldrar olíu sem tekið er við af aðilum sem er skylt að greiða framlag til sjóðsins samkvæmt 10. gr. sjóðssamningsins frá 1971, eins og honum er breytt með þessari bókun.

30. gr.  
*Gildistaka.*

1. Þessi bókun skal öðlast gildi tólf mánuðum eftir þann dag er eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

a) átta ríki hið minnsta hafa afhent skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild framkvæmdastjóra stofnunarinnar til vörslu; og

b) framkvæmdastjóri stofnunarinnar hefur fengið upplýsingar í samræmi við 29. gr. um að þeir sem yrðu gjaldskyldir til sjóðsins samkvæmt 10. gr. sjóðssamningsins frá 1971, eins og honum er breytt með þessari bókun, hafi samanlagt tekið við að minnsta kosti 450 milljón tonnum af gjaldskyldri olíu á undanfarandi almanaksári.

2. Þessi bókun skal þó ekki öðlast gildi fyrir en ábyrgðarsamningurinn frá 1992 öðlast gildi.

3. Að því er varðar hvert ríki, sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir þessa bókun eða gerist aðili að henni eftir að skilyrði 1. mgr. um gildistöku hafa verið uppfyllt, skal bókunin öðlast gildi tólf mánuðum eftir að ríkið afhendir viðeigandi skjal til vörslu.

4. Sérhverju ríki er heimilt, þegar það afhendir til vörslu skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki bókunarinnar eða aðild að henni, að lýsa því yfir að skjalið skuli ekki öðlast gildi að því er þessa grein varðar fyrir en í lok sex mánaða tímabilsins sem um getur í 31. gr.

5. Ríki sem hefur gefið yfirlýsingu í samræmi við málsgreinina hér að framan er heimilt að afturkalla hana hvenær sem er með tilkynningu til framkvæmdastjóra stofnunarinnar. Slík afturköllun öðlast gildi á þeim degi sem tilkynningin berst viðtakanda, og sérhvert ríki sem kemur fram slíkri afturköllun skal teljast hafa afhent skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki bókunarinnar eða aðild að henni til vörslu á þeim degi.

6. Ríki sem hefur gefið yfirlýsingu samkvæmt 2. mgr. 13. gr. bókunarinnar frá 1992 um breytingu á ábyrgðarsamningnum frá 1969 skal einnig teljast hafa gefið yfirlýsingu samkvæmt 4. mgr. þessarar greinar. Afturköllun yfirlýsingar samkvæmt áður nefndri 2. mgr. 13. gr. skal

Secretary-General of the Organization data on quantities of contributing oil received by persons liable to contribute to the Fund pursuant to Article 10 of the 1971 Fund Convention as amended by this Protocol.

Article 30  
*Entry into force*

1. This Protocol shall enter into force twelve months following the date on which the following requirements are fulfilled:

(a) at least eight States have deposited instruments of ratification, acceptance, approval or accession with the Secretary-General of the Organization; and

(b) the Secretary-General of the Organization has received information in accordance with Article 29 that those persons who would be liable to contribute pursuant to Article 10 of the 1971 Fund Convention as amended by this Protocol have received during the preceding calendar year a total quantity of at least 450 million tons of contributing oil.

2. However, this Protocol shall not enter into force before the 1992 Liability Convention has entered into force.

3. For each State which ratifies, accepts, approves or accedes to this Protocol after the conditions in paragraph 1 for entry into force have been met, the Protocol shall enter into force twelve months following the date of the deposit by such State of the appropriate instrument.

4. Any State may, at the time of the deposit of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect of this Protocol declare that such instrument shall not take effect for the purpose of this Article until the end of the six-month period in Article 31.

5. Any State which has made a declaration in accordance with the preceding paragraph may withdraw it at any time by means of a notification addressed to the Secretary-General of the Organization. Any such withdrawal shall take effect on the date the notification is received, and any State making such a withdrawal shall be deemed to have deposited its instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect of this Protocol on that date.

6. Any State which has made a declaration under Article 13, paragraph 2, of the Protocol of 1992 to amend the 1969 Liability Convention shall be deemed to have also made a declaration under paragraph 4 of this Article. Withdrawal of a declaration under the said Article 13, paragraph

einnig teljast vera afturköllun samkvæmt 5. mgr. þessarar greinar.

2, shall be deemed to constitute withdrawal also under paragraph 5 of this Article.

## 31. gr.

*Uppsögn samninganna frá 1969 og 1971.*

Innan sex mánaða frá þeim degi sem eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt, sbr. þó 30. gr.:

a) átta ríki hið minnsta hafa gerst aðilar að þessari bókun eða hafa afhent skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu framkvæmdastjóra stofnunarinnar, hvort sem það er gert samkvæmt 4. mgr. 30. gr. eða ekki, og

b) framkvæmdastjóri stofnunarinnar hefur fengið upplýsingar í samræmi við 29. gr. um að þeir, sem er eða yrði skylt að greiða framlag til sjóðsins samkvæmt 10. gr. sjóðssamningsins frá 1971, eins og honum er breytt með þessari bókun, hafi tekið við samanlagt að minnsta kosti 750 milljónum tonna af gjaldskyldri olíu á undanfarandi almanaksári;

skal sérhver aðili að þessari bókun og sérhvert ríki sem hefur afhent skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, hvort sem það er gert samkvæmt 4. mgr. 30. gr. eða ekki, segja upp sjóðssamningnum frá 1971 og ábyrgðarsamningnum frá 1969, ef um aðild er að ræða, og tekur uppsögnin gildi tólf mánuðum eftir að áður nefnt sex mánaða tímabil er liðið.

## 32. gr.

*Endurskoðun og breytingar.*

1. Stofnuninni er heimilt að boða til ráðstefnu í þeim tilgangi að endurskoða eða breyta sjóðssamningnum frá 1992.

2. Stofnunin skal boða til ráðstefnu samningsríkjanna í þeim tilgangi að endurskoða eða breyta sjóðssamningnum frá 1992 að tilmælum eigi minna en eins þriðja hluta samningsríkjanna.

## 33. gr.

*Breytingar á takmörkunum bóta.*

1. Að tilmælum eigi minna en eins fjórða hluta samningsríkjanna skal framkvæmdastjórinn senda öllum meðlimum stofnunarinnar og öllum samningsríkjunum sérhverja tillögu um breytingu á takmörkunum bótafjárhæða sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 4. gr. sjóðssamningsins frá 1971, eins og honum er breytt með þessari bókun.

2. Allar tillögur um breytingar, sem eru sendar samkvæmt framansögðu, skulu afhentar laga-

## Article 31

*Denunciation of the 1969 and 1971 Conventions*

Subject to Article 30, within six months following the date on which the following requirements are fulfilled:

(a) at least eight States have become Parties to this Protocol or have deposited instruments of ratification, acceptance, approval or accession with the Secretary-General of the Organization, whether or not subject to Article 30, paragraph 4, and

(b) the Secretary-General of the Organization has received information in accordance with Article 29 that those persons who are or would be liable to contribute pursuant to Article 10 of the 1971 Fund Convention as amended by this Protocol have received during the preceding calendar year a total quantity of at least 750 million tons of contributing oil;

each Party to this Protocol and each State which has deposited an instrument of ratification, acceptance, approval or accession, whether or not subject to Article 30, paragraph 4, shall, if Party thereto, denounce the 1971 Fund Convention and the 1969 Liability Convention with effect twelve months after the expiry of the above-mentioned six-month period.

## Article 32

*Revision and amendment*

1. A conference for the purpose of revising or amending the 1992 Fund Convention may be convened by the Organization.

2. The Organization shall convene a Conference of Contracting States for the purpose of revising or amending the 1992 Fund Convention at the request of not less than one third of all Contracting States.

## Article 33

*Amendment of compensation limits*

1. Upon the request of at least one quarter of the Contracting States, any proposal to amend the limits of amounts of compensation laid down in Article 4, paragraph 4, of the 1971 Fund Convention as amended by this Protocol shall be circulated by the Secretary-General to all Members of the Organization and to all Contracting States.

2. Any amendment proposed and circulated as above shall be submitted to the Legal Committee

nefnd stofnunarinnar til umfjöllunar í fyrsta lagi sex mánuðum eftir sendingu þeirra.

3. Öll samningsríki sjóðssamningsins frá 1971, eins og honum er breytt með þessari bókun, hvort sem þau eru meðlimir stofnunarinnar eða ekki, skulu eiga rétt á að taka þátt í málsmeðferð laganeðndarinnar við mat og samþykki á breytingum.

4. Breytingar skulu samþykktar af tveimur þriðju hlutum samningsríkja sem viðstödd eru og greiða atkvæði í laganeðndinni, stækkaðri eins og kveðið er á um í 3. mgr., með því skilyrði að helmingur samningsríkja hið minnsta sé viðstaddur atkvæðagreiðsluna.

5. Þegar fjallað er um tillögu til breytingar á takmörkunum skal laganeðndin taka tillit til reynslu af óhöppum, einkum umfangs þess tjóns er af þeim hlýst og breytinga á verðgildi gjaldmiðils. Enn fremur skal nefndin taka tillit til sambandsins milli takmarkana 4. mgr. 4. gr. sjóðssamningsins frá 1971, eins og honum er breytt með þessari bókun, og takmarkana 1. mgr. 5. gr. alþjóðasamningsins um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar frá 1992.

6. a) Ekki er heimilt að taka tillit til breytingar á takmörkunum samkvæmt þessari grein fyrir 15. janúar 1998 eða í fyrsta lagi fimm árum frá gildistöku fyrri breytingar samkvæmt þessari grein. Ekki er heimilt að taka tillit til breytingar samkvæmt þessari grein fyrir gildistöku þessarar bókunar.

b) Ekki er heimilt að hækka takmörkun svo að hún fari yfir fjárhæð sem samsvarar þeirri takmörkun sem mælt er fyrir um í sjóðssamningnum frá 1971, eins og honum er breytt með þessari bókun, með 6 prósentu hækkun á ári reiknað út á uppsöfnuðum grunni frá 15. janúar 1993.

c) Ekki er heimilt að hækka takmörkun svo að hún fari yfir fjárhæð sem samsvarar þeirri takmörkun sem mælt er fyrir um í sjóðssamningnum frá 1971, eins og honum er breytt með þessari bókun, margfaldaða með þremur.

7. Stofnunin skal tilkynna öllum samningsríkjum um sérhverja breytingu sem er samþykkt í samræmi við 4. mgr. Breytingin telst vera staðfest þegar átján mánuðir eru liðnir frá tilkynningardegi nema minnst einn fjórði hluti þeirra ríkja, sem voru samningsríki á þeim tíma þegar laganeðndin samþykkti breytinguna, tilkynni stofnuninni innan þess tíma að þau staðfesti ekki breytinguna. Í því tilviki er breytingunni hafnað og hún hefur ekkert gildi.

of the Organization for consideration at a date at least six months after the date of its circulation.

3. All Contracting States to the 1971 Fund Convention as amended by this Protocol, whether or not Members of the Organization, shall be entitled to participate in the proceedings of the Legal Committee for the consideration and adoption of amendments.

4. Amendments shall be adopted by a two-thirds majority of the Contracting States present and voting in the Legal Committee, expanded as provided for in paragraph 3, on condition that at least one half of the Contracting States shall be present at the time of voting.

5. When acting on a proposal to amend the limits, the Legal Committee shall take into account the experience of incidents and in particular the amount of damage resulting therefrom and changes in the monetary values. It shall also take into account the relationship between the limits in Article 4, paragraph 4, of the 1971 Fund Convention as amended by this Protocol and those in Article V, paragraph 1, of the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, 1992.

6. (a) No amendment of the limits under this Article may be considered before 15 January 1998 nor less than five years from the date of entry into force of a previous amendment under this Article. No amendment under this Article shall be considered before this Protocol has entered into force.

(b) No limit may be increased so as to exceed an amount which corresponds to the limit laid down in the 1971 Fund Convention as amended by this Protocol increased by six per cent per year calculated on a compound basis for 15 January 1993.

(c) No limit may be increased so as to exceed an amount which corresponds to the limit laid down in the 1971 Fund Convention as amended by this Protocol multiplied by three.

7. Any amendment adopted in accordance with paragraph 4 shall be notified by the Organization to all Contracting States. The amendment shall be deemed to have been accepted at the end of a period of eighteen months after the date of notification unless within that period not less than one quarter of the States that were Contracting States at the time of the adoption of the amendment by the Legal Committee have communicated to the Organization that they do not accept the amendment in which case the amendment is rejected and shall have no effect.



8. Breyting sem telst vera staðfest í samræmi við 7. mgr. öðlast gildi átján mánuðum eftir slíkt samþykki.

9. Öll sammingsríki skulu vera bundin af breytingunni nema þau segi upp þessari bókun í samræmi við 1. og 2. mgr. 34. gr. að minnsta kosti sex mánuðum áður en breytingin öðlast gildi. Slík uppsögn gildir frá þeim tíma er breytingin öðlast gildi.

10. Þegar laganeftindin hefur samþykkt breytingu en átján mánaða tímabilið vegna staðfestingar hennar er ekki liðið skal ríki sem á því tímabili verður sammingsríki vera bundið af breytingunni ef hún öðlast gildi. Ríki sem verður sammingsríki eftir að þetta tímabil er liðið skal vera bundið af breytingu sem hefur verið staðfest samkvæmt 7. mgr. Í þeim tilvikum sem um getur í þessari málsgrein verður ríki bundið af breytingu þegar sú breyting öðlast gildi, eða þegar þessi bókun öðlast gildi að því er það ríki varðar, ef það gerist síðar.

#### 34. gr. *Uppsögn.*

1. Sérhverjum aðila er heimilt að segja upp bókun þessari hvenær sem er eftir að bókunin öðlast gildi að því er varðar viðkomandi aðila.

2. Uppsögn skal fara fram með því að afhenda skjal þar að lútandi til framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

3. Uppsögn skal öðlast gildi tólf mánuðum eftir að uppsagnarskjalið er afhent framkvæmdastjóra stofnunarinnar, eða eftir lengri tíma sem kann að vera tiltekinn í skjalinu.

4. Uppsögn á ábyrgðarsamningnum frá 1992 skal teljast vera uppsögn á þessari bókun. Slík uppsögn skal öðlast gildi sama dag og uppsögn bókunarinnar frá 1992 um breytingu á ábyrgðarsamningnum frá 1969 öðlast gildi samkvæmt 16. gr. þeirrar bókunar.

5. Sammingsríki þessarar bókunar sem ekki hefur sagt upp sjóðssamningnum frá 1971 og ábyrgðarsamningnum frá 1969, eins og krafist er í 31. gr., telst hafa sagt upp þessari bókun og öðlast uppsögnin gildi tólf mánuðum eftir að sex mánaða tímabilið, sem um getur í þeirri grein, er liðið. Frá þeim degi þegar uppsagnirnar sem kveðið er á um í 31. gr. öðlast gildi skal sérhver aðili að þessari bókun, sem afhendir til vörslu skjal um fullgildinguna, staðfestingu, samþykki eða aðild að ábyrgðarsamningnum frá 1969,

8. An amendment deemed to have been accepted in accordance with paragraph 7 shall enter into force eighteen months after its acceptance.

9. All Contracting States shall be bound by the amendment, unless they denounce this Protocol in accordance with Article 34, paragraphs 1 and 2, at least six months before the amendment enters into force. Such denunciation shall take effect when the amendment enters into force.

10. When an amendment has been adopted by the Legal Committee but the eighteen-month period for its acceptance has not yet expired, a State which becomes a Contracting State during that period shall be bound by the amendment if it enters into force. A State which becomes a Contracting State after that period shall be bound by an amendment which has been accepted in accordance with paragraph 7. In the cases referred to in this paragraph, a State becomes bound by an amendment when that amendment enters into force, or when this Protocol enters into force for that State, if later.

#### Article 34 *Denunciation*

1. This Protocol may be denounced by any Party at any time after the date on which it enters into force for that Party.

2. Denunciation shall be effected by the deposit of an instrument with the Secretary-General of the Organization.

3. A denunciation shall take effect twelve months, or such longer period as may be specified in the instrument of denunciation, after its deposit with the Secretary-General of the Organization.

4. Denunciation of the 1992 Liability Convention shall be deemed to be a denunciation of this Protocol. Such denunciation shall take effect on the date on which denunciation of the Protocol of 1992 to amend the 1969 Liability Convention takes effect according to Article 16 of that Protocol.

5. Any Contracting State to this Protocol which has not denounced the 1971 Fund Convention and the 1969 Liability Convention as required by Article 31 shall be deemed to have denounced this Protocol with effect twelve months after the expiry of the six-month period mentioned in that Article. As from the date on which the denunciations provided for in Article 31 take effect, any Party to this Protocol which deposits an instrument of ratification, acceptance, approval or accession to the 1969 Lia-

teljast hafa sagt upp þessari bókun frá þeim degi sem slíkt skjal öðlast gildi.

6. Að því er varðar aðila að þessari bókun skal uppsögn af hálfu einhvers þeirra á sjóðssamningnum frá 1971 í samræmi við 41. gr. hans ekki teljast vera uppsögn á sjóðssamningnum frá 1971 eins og honum er breytt með þessari bókun.

7. Þrátt fyrir uppsögn á þessari bókun af hálfu aðila í samræmi við þessa grein skulu öll ákvæði þessarar bókunar, er varða skuldbindingar um að greiða framlög samkvæmt 10. gr. sjóðssamningsins frá 1971, eins og honum er breytt með þessari bókun, vegna atburðar sem um getur í b-lið 2. mgr. 12. gr. þess samnings með áorðnum breytingum og á sér stað áður en uppsögnin öðlast gildi, vera áfram í gildi.

### 35. gr.

#### *Aukafundir þingsins.*

1. Sérhverju samningsríki er heimilt, innan níutíu daga frá afhendingu uppsagnarskjals sem það telur að muni leiða til verulegrar aukningar greiðsluhlutfalls þeirra samningsríkja sem eftir verða, að fara þess á leit við forstjóran að hann kalli saman þingið til aukafundar. Forstjórinn skal kalla saman þingið til fundar að ekki lengri tíma liðnum en sextíu dögum frá viðtöku beiðninnar.

2. Forstjóranum er að eigin frumkvæði heimilt að boða þingið til aukafundar innan sextíu daga frá afhendingu sérhvers uppsagnarskjals, ef hann telur að sú uppsögn sem um er að ræða muni leiða til verulegrar aukningar greiðsluhlutfalls þeirra samningsríkja sem eftir verða.

3. Nú kemst þingið að þeirri niðurstöðu á aukafundi sem til hefur verið boðað í samræmi við 1. eða 2. mgr. að uppsögnin muni hafa í för með sér verulega aukningu greiðsluhlutfalls þeirra samningsríkja sem eftir verða og er þá hverju slíku ríki heimilt, eigi síðar en eitt hundrad og tuttugu dögum fyrir þann dag er sú uppsögn öðlast gildi, að segja þessari bókun upp frá hinum sama degi.

### 36. gr.

#### *Lok gildistíma.*

1. Bókun þessi skal falla úr gildi á þeim degi er samningsríkin verða færri en þrjú talsins.

2. Þau ríki sem eru bundin af þessari bókun daginn áður en hún fellur úr gildi skulu gera

bility Convention shall be deemed to have denounced this Protocol with effect from the date on which such instrument takes effect.

6. As between the Parties to this Protocol, denunciation by any of them of the 1971 Fund Convention in accordance with Article 41 thereof shall not be construed in any way as a denunciation of the 1971 Fund Convention as amended by this Protocol.

7. Notwithstanding a denunciation of this Protocol by a Party pursuant to this Article, any provisions of this Protocol relating to the obligations to make contributions under Article 10 of the 1971 Fund Convention as amended by this Protocol with respect to an incident referred to in Article 12, paragraph 2 (b), of that amended Convention and occurring before the denunciation takes effect shall continue to apply.

### Article 35

#### *Extraordinary sessions of the Assembly*

1. Any Contracting State may, within ninety days after the deposit of an instrument of denunciation the result of which it considers will significantly increase the level of contributions for the remaining Contracting States, request the Director to convene an extraordinary session of the Assembly. The Director shall convene the Assembly to meet not later than sixty days after receipt of the request.

2. The Director may convene, on his own initiative, an extraordinary session of the Assembly to meet within sixty days after the deposit of any instrument of denunciation, if he considers that such denunciation will result in a significant increase in the level of contributions of the remaining Contracting States.

3. If the Assembly at an extraordinary session convened in accordance with paragraph 1 or 2 decides that the denunciation will result in a significant increase in the level of contributions for the remaining Contracting States, any such State may, not later than one hundred and twenty days before the date on which the denunciation takes effect, denounce this Protocol with effect from the same date.

### Article 36

#### *Termination*

1. This Protocol shall cease to be in force on the date when the number of Contracting States falls below three.

2. States which are bound by this Protocol on the day before the date it ceases to be in force

sjóðnum fært að leysa af hendi verkefni sín samkvæmt því sem greinir í 37. gr. þessarar bókunar og þau skulu einvörðungu í þeim tilgangi vera áfram bundin af þessari bókun.

## 37. gr.

*Sjóðurinn gerður upp.*

1. Ef þessi bókun fellur úr gildi skal sjóðurinn eigi að síður:

a) standa við skuldbindingar sínar vegna sérhvers atburðar sem átti sér stað áður en bókunin féll úr gildi;

b) hafa heimild til að neyta réttar síns til framlaga að svo miklu leyti sem þau framlög eru nauðsynleg til þess að standa við skuldbindingar samkvæmt a-lið, að meðtöldum nauðsynlegum stjórnunarkostnaði sjóðsins vegna þessa.

2. Þingið skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að gera sjóðinn endanlega upp, að meðtalinni sanngjarnri skiptingu allra eigna sem eftir verða á milli þeirra aðila sem hafa greitt framlög til sjóðsins.

3. Að því er varðar ákvæði þessarar greinar skal sjóðurinn vera áfram persóna að lögum.

## 38. gr.

*Vörsluaðili.*

1. Þessa bókun og þær breytingar sem eru staðfestar samkvæmt 33. gr. skal afhenda framkvæmdastjóra stofnunarinnar til vörslu.

2. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar skal:

a) tilkynna öllum ríkjum sem hafa undirritað eða gerst aðilar að bókun þessari um:

i) sérhverja nýja undirritun eða afhendingu skjals til vörslu, og dagsetningu hennar;

ii) sérhverja yfirlýsingu og tilkynningu samkvæmt 30. gr., að meðtöldum yfirlýsingum og afturköllunum sem teljast vera í samræmi við þá grein;

iii) gildistökudag þessarar bókunar;

iv) daginn sem uppsagnirnar sem kveðið er á um í 31. gr. skulu hafa farið fram;

v) sérhverja tillögu um breytingu á takmörkunum bótafjárhæða sem borin er fram í samræmi við 1. mgr. 33. gr.;

vi) sérhverja breytingu sem hefur verið staðfest í samræmi við 4. mgr. 33. gr.;

vii) sérhverja breytingu sem telst vera staðfest samkvæmt 7. mgr. 33. gr., ásamt deginum er breytingin öðlast gildi í samræmi við 8. og 9. mgr. þeirrar greinar;

shall enable the Fund to exercise its functions as described under Article 37 of this Protocol and shall, for that purpose only, remain bound by this Protocol.

## Article 37

*Winding up of the Fund*

1. If this Protocol ceases to be in force, the Fund shall nevertheless:

(a) meet its obligations in respect of any incident occurring before the Protocol ceased to be in force;

(b) be entitled to exercise its rights to contributions to the extent that these contributions are necessary to meet the obligations under subparagraph (a), including expenses for the administration of the Fund necessary for this purpose.

2. The Assembly shall take all appropriate measures to complete the winding up of the Fund including the distribution in an equitable manner of any remaining assets among those persons who have contributed to the Fund.

3. For the purposes of this Article the Fund shall remain a legal person.

## Article 38

*Depositary*

1. This Protocol and any amendments accepted under Article 33 shall be deposited with the Secretary-General of the Organization.

2. The Secretary-General of the Organization shall:

(a) inform all States which have signed or acceded to this Protocol of:

(i) each new signature or deposit of an instrument together with the date thereof;

(ii) each declaration and notification under Article 30 including declarations and withdrawals deemed to have been made in accordance with that Article;

(iii) the date of entry into force of this Protocol;

(iv) the date by which denunciations provided for in Article 31 are required to be made;

(v) any proposal to amend limits of amounts of compensation which has been made in accordance with Article 33, paragraph 1;

(vi) any amendment which has been adopted in accordance with Article 33, paragraph 4;

(vii) any amendment deemed to have been accepted under Article 33, paragraph 7, together with the date on which that amendment shall enter into force in accordance with paragraphs 8 and 9 of that Article;

viii) afhendingu sérhvers skjals um uppsögn á þessari bókun ásamt dagsetningu afhendingar og gildistöku;

ix) sérhverja uppsögn sem talin er hafa farið fram samkvæmt 5. mgr. 34. gr.;

x) sérhverja orðsendingu sem krafist er samkvæmt greinum þessarar bókunar;

b) senda staðfest rétt eftirrit af þessari bókun til allra ríkja sem hafa undirritað bókunina og allra ríkja sem gerast aðilar að henni.

3. Jafnskjótt og þessi bókun öðlast gildi skal framkvæmdastjóri stofnunarinnar senda eftirrit af henni til skrifstofu Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

### 39. gr.

#### *Tungumál.*

Bókun þessi er gerð í einu frumriti á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir.

GJÖRT Í LONDON hinn 27. nóvember 1992.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR hafa undirritaðir, sem hafa til þess fullt umboð, ritað nafn sitt undir bókun þessa.

(viii) the deposit of an instrument of denunciation of this Protocol together with the date of the deposit and the date on which it takes effect;

(ix) any denunciation deemed to have been made under Article 34, paragraph 5;

(x) any communication called for by any Article in this Protocol;

(b) transmit certified true copies of this Protocol to all Signatory States and to all States which accede to the Protocol.

3. As soon as this Protocol enters into force, the text shall be transmitted by the Secretary-General of the Organization to the Secretariat of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

### Article 39

#### *Languages*

This Protocol is established in a single original in the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic.

DONE AT LONDON this twenty-seventh day of November one thousand nine hundred and ninety-two.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned being duly authorized for that purpose have signed this Protocol.